

Skýrsla stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla til aðalfundar 7. maí 2013, í Hjalla Álfhólsskóla

Á síðasta aðalfundi félagsins (15.05.2012) voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Anna María Bjarnadóttir var kosin formaður foreldrafélagsins til eins árs. Aðalmenn til tveggja ára voru kosin: Berglind Svavarsdóttir, Erna Arnarsdóttir og Hörður Sigurðsson. Selma Guðmundsdóttir var kosin til eins árs. Varamenn til eins árs voru kosin: Særún Sigurjónsdóttir og Sólveig B. Hlöðversdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum sem var haldinn 11. Júní 2012. Eftirfarandi skipan var ákveðin: Sigurður Grétarsson varaformaður, Erna ritari, Brynhildur Grímsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur Hörður, Berglind og Selma.

Sigurður og Brynhildur tóku að sér að vera tengiliðir við yngsta stig, Selma og Hörður við miðstig og Berglind og Erna við elsta stig.

Á aðalfundi voru Ragnheiður Bóasdóttir og Selma Guðmundsdóttir kosnar sem fulltrúar foreldra í skólaráð.

Stjórn foreldrafélagsins (FFÁlfhól) hélt mánaðarlega stjórnarfundum á árinu (fyrir utan sumarmánuðina) og hittist stundum oftar ef þörf krafði, þá var hún líka í heilmiklum tölvupóstssamskiptum þar fyrir utan. Stjórnin mótaði m.a. starfsáætlun fyrir árið, afgreiddi þau erindi sem bárust inn á borð stjórnar, skipulagði hina ýmsu viðburði jafnt námskeið sem skemmtiviðburði fyrir nemendur, foreldra og bekkjarfulltrúa. Þá fundaði hún með skólustjóra og var í góðu sambandi við hann. (Sjá nánar [Fundargerðir](#) stjórnar).

Stjórnin tók fyrsta foreldrarölt haustsins að sér en sérstök röltnefnd er starfandi á vegum félagsins, sem heldur úti öflugum foreldrarölti. Þá var stjórnin í góðum samskiptum við allar nefndir sínar.

Í byrjun skólaárs keypti foreldrafélagið námsgögn (stílabækur og ritföng) handa 1. bekkjum og mæltist það vel fyrir, var þetta í annað sinn sem þessi háttur var hafður á. Fékkst þó nokkur magnafsláttur sem leiddi til mikils sparnaðar hjá foreldrum.

Á vorin er stjórnin með kynningu á starfssemi foreldrafélagsins fyrir foreldra sex ára barna sem eru að byrja í skólanum að hausti (Vorskólinn).

Fyrsti viðburðurinn sem að foreldrafélagið stóð fyrir var fulltrúaráðsfundur sem var haldinn 2. október í Hjalla. Fulltrúaráðið samanstendur af bekkjarfulltrúum, stjórn foreldrafélagsins og fulltrúum foreldra í skólaráði. Þar var farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa, bekkjarmöppur afhentar fyrir alla bekki og innihald þeirra kynnt. Foreldrasáttmálinn var kynntur og tók hver bekkjarfulltrúi eintak af honum til að láta foreldra í sínum bekk undirrita. Farið var yfir starfsáætlun, sýndar þær upplýsingar sem er að finna á heimasvæði foreldrafélagsins sem er hýst undir heimasíðu skólans. Að lokum lokum var farið í gegnum þær nefndir sem eru starfandi á vegum foreldrafélagsins og óskað eftir fólki í þær.

Tvenns konar nefndir er skilgreindar innan FFÁlfhól, annars vegar viðburðanefndir og hins vegar starfsnefndir, eins og nafn þessara hópa gefur til kynna sjá viðburðanefndir FFÁlfhól um viðburði á vegum félagsins en starfsnefndir um starf á vegum FFÁlfhól.

Viðburðanefndir á vegum FFÁlfhól:

- Desemberfjörðnefnd
- Páskabingónefnd

- Vorhátíðanefnd

Starfsnefndir:

- Fréttabréfsnefnd
- Öryggisnefnd
- Rölnefnd
- Heilsuræktarnefnd
- Vorhátíðarnefnd

Eins og mörg undanfarin ár hefur foreldrafélagið staðið fyrir heilsurækt í íþróttahúsinu Digranesi. Foreldrar, kennarar, ömmur og íbúar úr hverfinu stunda leikfimi sem er fjölbreytt og skemmtileg, undir stjórn Láru Sveinsdóttur íþróttakennara. Lögð er áhersla á þolfimi, palla, þrek- og teygjuæfingar. Er hér um gott samfélagsverkefni að ræða og um leið er þetta góð fjáröflunarleið fyrir foreldrafélagið. 10.000 kr. önnin, klukkustund í senn.

Foreldrafélagið sá um veitingar á kynningarfundi fyrir foreldra 8. bekkjar, en að öðru leiti sá skólinn um skipulagningu hans. Áform eru uppi um að halda líka kynningarfund fyrir foreldra 5. bekkjar þar sem þau börn eru að flytjast á milli stiga (yfir á miðstig).

Desemberfjör var haldið þann 24 nóvember sl. Húsfyllir var og skáru ungir sem aldnir þar út laufabrauð eða fönndruðu jólaskraut. 9. bekkingar voru með kaffisölu. Foreldrafélagið styrkti jafnframt ferðasjóð 9. bekkinga með því að kaupa kakó og vöffllur fyrir Skólahljómsveit Kópavogs sem sá um tónlistarflutning og 1. bekkinga sem að sungu nokkur vel valin jólalög fyrir viðstadda.

Fræðsluerindi um einelti var haldið 31. janúar fyrir alla foreldra barna skólans. Björn Egilsson frá Heimi og skóla kom og skilgreindi hvað er einelti, hver eru einkenni þess? Hver sé ábyrgð okkar, hvað er til ráða og um forvarnir og úrræði.

19. febrúar var haldinn seinni fulltrúaráðsfundur ársins. Helga Margrét Guðmundsdóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur hélt fræðslu og kynningu á hlutverki bekkjarfulltrúa og hver væri ávinningurinn af góðu foreldrastarfi.

Á öskudaginn greiddi foreldrafélagið nammi fyrir börn á yngsta- og miðstigi og snakk fyrir börn á elsta stigi. Að öðru leyti sá skólinn alfarið um viðburði þess dags.

Páskabingó var haldið 6. mars í Hjalla og var þátttaka mjög góð, nóg var af páskaeggjum í vinning. 10. bekkur var með kökusölu vegna fjáröflunar fyrir útskriftarferð árgangsins.

Vorhátíðin verður svo haldin í byrjun júní. Vorhátíðarnefnd mun senda út auglýsingu með dagsetningu og dagskrá þegar nær dregur.

Stjórnin hefur átt fulltrúa á ýmsum fundum sem snúa að foreldrastarfinu: Á þriggja kvölda námskeiði sem að SAMKÓP (Samtök foreldrafélaga í Kópavogi) hélt í byrjun árs, þar sem var farið yfir skyldur foreldrafélaga, ný aðalnámskrá kynnt og forsvarsmenn allra foreldrafélaga í Kópavogi fengu tækifæri á að hittast og bera saman bækur sínar. Samkóp hefur staðið fyrir fleiri samráðsfundum fyrir foreldrafélögin, t.d. um foreldraröltið. Þrjú fulltrúar mættu á opinn fund skólaráðs sem var haldinn í apríl, þar var m.a. kynnt starfssemi foreldrafélagsins. Á stefnumótunardegi Álfhólsskóla sem var haldinn um síðustu helgi mættu sex úr stjórninni og tóku virkan þátt í umræðunni.

Foreldrafélagið hefur styrkt ýmisleg málefni sem sótt hefur verið um styrk fyrir: S.s. ferð 7. bekkjar til Reykjum og ferð 9. bekkjar að Laugum, ennfremur fékk einn bekkur styrk til að halda SAFT kynningu á starfsárinu. Þá fékk 10. bekkur ferðastyrk fyrir fyrirhugaðri útskriftarferð sinni.

Stjórnin vill nýta þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem komu að starfi vetrarins með einum eða öðrum hætti, sem og embættismönnum nefnda foreldrafélagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Framundan er nýtt starfsár með fullt af fróðleik og tækifærum, foreldrar tökum virkan þátt í foreldrastarfinu, ykkar þátttaka skiptir máli ☺